

Nd.

180. Frumvarp til laga

[87. mál]

um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Frá 1. febrúar 1959 skal greiða verðlagsuppbót á laun og allar aðrar greiðslur, er fylgja kaupgreiðsluvísitölu, samkvæmt vísitölu 175 stig. Á bótaupphæðir þær, sem ákveðnar eru í II. kafla laga nr. 24/1956, um almannatryggingar, svo og í 37. og 38. gr. sömu laga, skal þó frá sama tíma greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu 185.

Ákvæði 1. málsg. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um ákvæðisvinnutaxta, sem byggðir eru á tímalaunum, vikulaunum eða mánaðarlaunum. Lækkun ákvæðisvinnutaxta frá 1. febrúar 1959 skal nema sama hundraðshluta og lækkun sú, er verður á viðkomandi tímalaunum, vikulaunum eða mánaðarlaunum samkvæmt 1. málsg. þessarar gr.

Aksturstaxtar vörubifreiða og fólksbifreiða skulu frá 1. febrúar 1959 lækka sem svarar niðurfærslu launa bifreiðastjóra í taxtagrundvelli til samræmis við lækkun kaupgreiðsluvísitölu í 175 stig, miðað við hæð hennar, þá er ákveðin var sú launaupphæð, sem er í taxtagrundvelli við gildistöku laganna. Sama skal gilda um alla aðra taxa og gjöld, sem fylgt hafa breytingum á launum viðkomandi starfsstéttar samkvæmt þeim taxtagrundvelli, sem í gildi hefur verið á hverjum tíma.

Nú eru laun ákveðin með samningi eða á annan hátt fyrir gildistöku laganna sem heildarlaun, án þess að grunnlaun séu tiltekin sérstaklega, og skulu þau þá lækka frá 1. febrúar 1959 í hlutfalli við lækkun kaupgreiðsluvísitölu í 175 stig, miðað við hæð hennar, er launaupphæðin var ákveðin.

2. gr.

Vísitala viðhaldskostnaðar húsa í Reykjavík 1. desember 1958 skal reiknuð á ný til samræmis við kaupgreiðsluvísitölu 175 stig að því er snertir launaliði fyrrnefndrar vísitölu, og eftir henni skal reiknuð ný húsaleiguvísitala, sem að öðru leyti er miðuð við verðlag þennan dag.

Húsaleiga, sem samkvæmt leigusamningi fylgir húsaleiguvísitölu, skal á tímabilinu 1. febrúar til 31. marz 1959 greidd eftir þeirri húsaleiguvísitölu, er reikna skal samkvæmt fyrri málsg. þessarar gr.

3. gr.

Þá er vísitala framfærslukostnaðar með grunntölu 100 1. marz 1950 er reiknuð miðað við verðlag í byrjun mánaðanna febrúar og marz 1959, skal miða húsnæðislið hennar við þá vísitölu viðhaldskostnaðar, er reikna skal samkvæmt fyrri málsg. 2. gr., að svo miklu leyti sem húsnæðisliður vísitölu framfærslukostnaðar fylgir vísitölu viðhaldskostnaðar.

4. gr.

Í kauplagsnefnd eiga sæti þrír menn, einn skipaður eftir tilnefningu hæstaréttar og er hann formaður, en hinir eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, hvors um sig. — Nefndin vinnur störf sín í samráði við Hagstofu Íslands.

Kostnaður við nefndina, þar á meðal þóknun til nefndarmanna, greiðist úr ríkissjóði eftir ákvörðun ráðherra.

Hinn 1. marz 1959 skal taka gildi nýr grundvöllur vísitölu framfærslukostnaðar í Reykjavík, samkvæmt niðurstöðum neytlurannsóknar þeirrar, er kauplagsnefnd hefur framkvæmt í samráði við Hagstofuna. Skal útgjaldaupphæð hins nýja vísitölugrundvallar 1. marz 1959 vera sú grunnupphæð, er síðari breytingar vísitölu miðast við, og jafngildir því grunntölu 100. Vísitala framfærslukostnaðar skal reiknuð mánaðarlega miðað við verðlag í mánaðarbyrjun, eftir grundvallarreglum, sem kauplagsnefnd setur. Við þennan útreikning skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig.

5. gr.

Frá 1. marz 1959 skal verðlagsuppbót samkvæmt ákvæðum 1. gr. lögð við grunnupphæðir launa og annarra greiðslna, er fylgja kaupgreiðsluvísitölu, og telst hvort tveggja grunnlaun, er greiða skal verðlagsuppbót á samkvæmt ákvæðum 6. gr.

6. gr.

Kaupgreiðsluvísitala skal ákveðin sem hér segir frá 1. maí 1959:

Á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst 1959 skal greiða verðlagsuppbót á laun og allar aðrar greiðslur, er fylgja kaupgreiðsluvísitölu, í hlutfalli við hækkun þá á vísitölu framfærslukostnaðar, sem kann að hafa orðið frá 1. marz til 1. apríl 1959.

Frá 1. september 1959 skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu, sem kauplagsnefnd reiknar eftir vísitölu framfærslukostnaðar á þann hátt, að eigi sé tekið tillit til þeirrar breytingar á hinni síðarnefndu, er á rót sína að rekja til breytts verðs á landbúnaðarvörum vegna hækkunar eða lækkunar á launum bónda og verkafólks hans, þeirrar, er leitt hefur af greiðslu verðlagsuppbótar á laun almennt síðan 1. maí 1959. Tekur þetta jafnt til þeirra breytinga verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara, sem ákveðnar eru samkvæmt 8. gr. þessara laga, sem til þeirra breytinga á honum, sem ákveðnar eru samkvæmt II. kafla laga nr. 94/1947, að svo miklu leyti sem þær leiðir af greiðslu verðlagsuppbótar á laun síðan 1. maí 1959.

Kaupgreiðsluvísitala sú, er um ræðir í 2. málgr. þessarar gr., reiknast eftir vísitölu framfærslukostnaðar 1. ágúst, 1. nóvember, 1. febrúar og 1. maí, og gildir við ákvörðun verðlagsuppbótar á laun næstu 3 mánuði, frá 1. september, 1. desember, 1. marz og 1. júní.

7. gr.

Frá 1. febrúar 1959 skal færa niður laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara fyrir framleiðsluárið 1958—59 sem svarar lækkun kaupgreiðsluvísitölu úr 185 stigum í 175 stig. Frá sama tíma skal framleiðsluráð landbúnaðarins lækka afurðaverð til framleiðenda í hlutfalli við lækkun þá á heildarupphæð verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara, sem leiðir af niðurfærslu vinnuliðs hans.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal frá 1. febrúar 1959 færa heildsöluverð á þeim framleiðsluvörum, sem eru í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara, til samræmis við lækkun afurðaverðs samkvæmt 1. málgr. þessarar gr. og við lækkun þá á vinnslu- og dreifingarkostnaði afurða, sem leiðir af lækkun kaupgreiðsluvísitölu úr 202 stigum í 175 stig og af annarri lækkun tilkostnaðar vegna ákvæða þessara laga. Sama niðurfærsla skal eiga sér stað á útsöluverði þeirra landbúnaðarvara, sem ekki er á skráð heildsöluverð.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal frá 1. febrúar 1959 lækka eggjaverð til framleiðenda svarandi til þeirrar lækkunar á verði til framleiðenda annarra landbúnaðarvara, sem ákveðin er í 1. málsg. þessarar gr. Ákvæði 2. málsg. þessarar gr. skulu gilda á hliðstæðan hátt við ákvörðun framleiðsluráðs á heildsöluverði eggja.

Ákvarðanir framleiðsluráðs landbúnaðarins um smásöluálagningu á það heildsöluverð landbúnaðarvara, er ákveðið verður frá 1. febrúar 1959 samkvæmt 2. málsg. og 2. málslið 3. málsg. þessarar gr., skulu háðar samþykki ríkisstjórnarinnar.

8. gr.

Frá 1. maí og 1. desember 1959 og á árinu 1960 og framvegis frá 1. marz, 1. júní og 1. desember er framleiðsluráði landbúnaðarins heimilt að hækka afurðaverð til framleiðenda svarandi til þess, að laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara séu færð til samræmis við þá vísitölu, sem verðlagsuppbót á laun er greidd eftir frá sama tíma samkvæmt ákvæðum 6. gr. Þó er slík hækkun því aðeins heimil, að kaupgreiðsluvísitala sú, sem gildir frá byrjun viðkomandi tímabils, sé minnst 5 stigum hærrí en sú vísitala, sem afurðaverð var síðast ákveðið eftir. — Nú lækkar kaupgreiðsluvísitalan, og skal framleiðsluráð landbúnaðarins þá lækka afurðaverð svarandi til þess, að laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara séu færð til samræmis við þá vísitölu, sem verðlagsuppbót á laun er greidd eftir næstu þrjá mánuði samkvæmt ákvæðum 6. gr. Þó skal slík lækkun ekki eiga sér stað, nema kaupgreiðsluvísitalan hafi lækkað 5 stig eða meira frá þeirri vísitölu, sem afurðaverð var síðast ákveðið eftir, og lækki kaupgreiðsluvísitalan niður fyrir 105 stig, þá skal fella niður þá hækkun afurðaverðs, sem leitt hefur af hækkun kaupgreiðsluvísitölnnar umfram 4 stig frá grunnvísitölu samkvæmt 1. og 2. málslið þessarar gr.

9. gr.

Frá 1. febrúar 1959 skal skiptaverð á fiski til bátasjómannna lækka í sama hlutfalli og nemur lækkun kaupgreiðsluvísitölu úr 185 stigum í 175 stig. Hið sama skal gilda um fiskverð það, sem aflaverðlaun togarasjómannna miðast við. Frá 1. maí 1959 skal skiptaverð á fiski til bátasjómannna og fiskverð það, sem aflaverðlaun togarasjómannna miðast við, hækka í samræmi við þá verðlagsuppbót, sem kann að verða greidd á laun á hverjum tíma samkvæmt ákvæðum 6. gr. þessara laga.

Frá 1. febrúar 1959 skal greiða verðlagsuppbót á kauptryggingu bátasjómannna samkvæmt kjarasamningum eftir kaupgreiðsluvísitölu 185. Frá 1. marz 1959 skal verðlagsuppbót samkvæmt þessu lögð við grunnupphæð kauptryggingar, og telst hvort tveggja grunnkauptrygging, er breytist í samræmi við þá verðlagsuppbót, sem kann að verða greidd á laun á hverjum tíma samkvæmt ákvæðum 6. gr.

10. gr.

Framleiðendur hvers konar vöru og þjónustu skulu þegar eftir gildistöku þessara laga lækka söluverð til samræmis við þá lækkun launakostnaðar, sem leiðir af niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölu í 175 stig og af annarri lækkun tilkostnaðar vegna ákvæða þessara laga, svo og svarandi til þess, að hagnaður framleiðenda lækki í hlutfalli við niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölnnar. Tekur þetta til gjalda fyrir hvers konar flutning á landi, sjó og í lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, sömuleiðis til greiðslna til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagnir, smíðar, málningu, dúklagningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Enn fremur tekur þetta til verðs á snyrtingu, fatapressun, gistingu, aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku. Gjöld fyrir greiðasölu, veitingar og fæði skulu lækka bæði vegna þeirrar lækkunar tilkostnaðar, sem leiðir beint og óbeint af niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölu, og vegna lækkaðs verðs á landbúnaðarvörum. — Ákvæði þessarar málsg. taka ekki til vörutegunda,

sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né heldur til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarféлага.

Aksturstaxtar vörubifreiða og fólksbifreiða skulu þegar eftir gildistöku þessara laga lækka til samræmis við þá lækkun kostnaðar annars en bifreiðastjóra-launa í taxtagrundvelli, sem leiðir af ákvæðum þessara laga. Sama skal gilda um alla aðra taxa og gjöld, sem fylgt hafa breytingum tilkostnaðar samkvæmt þeim taxtagrundvelli, sem í gildi hefur verið á hverjum tíma.

Verðlagsyfyrvöld skulu þegar eftir gildistöku laga þessara setja nánari fyrirmæli um framkvæmd ákvæða 1. og 2. málgr. þessarar gr.

Verðlagsyfyrvöld skulu þegar eftir gildistöku laganna gera ráðstafanir til lækkunar á vöruverði í heildsölu og smásölu til samræmis við þá lækkun dreifingarkostnaðar, sem leiðir af ákvæðum þessara laga, svo og svarandi til þess, að hagnaður verzlana lækki í hlutfalli við niðurfærslu kaupgreiðsluvisitölunnar. Sama gildir um umboðslaun vegna vörusölu innanlands.

11. gr.

Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála, og varða brot sektum allt að 100 000 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 55. gr. laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl., falla úr gildi 31. janúar 1959.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sá grundvöllur, sem lagður var að hallalausum rekstri útflutningsframleiðslunnar með setningu löggjafarinnar um útflutningssjóð á síðastliðnu vori, raskaðist mjög verulega á síðari hluta ársins. Í lögnum var gert ráð fyrir 5—7% almennri kauphækkun, sem koma skyldi til framkvæmda 1. júní 1958, en á móti því kom, að ekki skyldi verða hækkun á kaupum vegna hækkunar kaupgreiðsluvisitölunnar um næstu 9 stig. Bætur þær, sem útflutningsatvinnuvegunum voru ákveðnar, voru við það miðaðar, að þær gætu greitt hið hækkaða kaupgjald. Hins vegar var vitað, að framfærsluvisitala myndi hækka um 19 stig í framhaldi af setningu löggjafarinnar, þ. e. um 10 stig umfram þá hækkun, sem bætt var með 5—7% kauphækkuninni. Því var í raun og veru skotið á frest til haustsins að ráða fram úr nokkrum hluta þess vanda, sem við var glímt, þegar löggjöfin um útflutningssjóð var sett á s. l. vori. Var það gert með hliðsjón af því, að mikilvæg þing stéttarsamtaka átti að halda með haustinu, og ætlun fyrrverandi ríkisstjórnar var að hafa samráð við stéttarsamtökin um það, hvernig snúast bæri við þeim vanda, er óleystur var.

En þegar fram á haustið kom, reyndist vandamálið mun meira en ætlað hafði verið, þar eð kaupgjald hækkaði á s. l. sumri mjög verulega umfram þá kauphækkun, sem fólst í löggjöfinni um útflutningssjóð. Grunnkaup verkamanna hækkaði um 9.5% og grunnkaup flestra annarra stétta um 6%. Hinn 1. september hækkaði kaupgreiðsluvisitala þar að auki um 2 stig. Í október var hækkunin á kaupum verkamanna frá því í maí orðin 16.2% eða 10.7% umfram það, sem ráðstafanirnar s. l. voru miðaðar við, og hjá flestum öðrum stéttum var hækkunin orðin 12.5% eða 7.1% umfram það, sem útflutningssjóðslögin gerðu ráð fyrir. Við þá hækkun var verð landbúnaðarafurða við ársverðlagningu þeirra í september s. l. miðuð. Hinn 1. desember hækkaði kaupgreiðsluvisitalan í 202 stig, og hækkaði kaupgjald þá enn um 9.2%. Síðan hefur því almennt verkamanna kaup verið 21% herra en það kaup, sem útflutningsbætur voru miðaðar við á s. l. vori, og annað kaup 17% herra. Þessi nýja kauphækkun frá 1. des. 1958 hefur haft nokkur áhrif á verðlag landbúnaðarafurða og annarrar innlendrar vöru og þjónustu og mun hafa meiri og

vaxandi áhrif á næstunni, ef ekki verður að gert. Áætlað hefur verið, að ef ekkert væri gert til að stöðva þessa þróun, en bætur til útflutningsatvinnuveganna auknar eins og með þyrfti, og yfirfærslu- og innflutningsgjöld hækkuð nægilega mikið til að standa undir þeim bótum, mundi framfærsluvísitalan vera komin upp í a. m. k. 270 stig og kaupgreiðsluvísitalan upp í 253 stig 1. nóv. 1959. Þetta svarar til 23% hækkunar á vísitölu framfærslukostnaðar og 25% hækkunar á kaupgreiðsluvísitölu á einu ári. Þessar öru víxlhækkunar verðlags og kaupgjalds mundu ekki stöðvast af sjálfu sér á næsta ári, og ekki heldur úr þeim draga. Þvert á móti bendir allt til þess, að þær yrðu örari og örari, þegar fram í sækti, og að þróunin myndi stefna í átt að 20—30% verðbólguaukningu á ári hin næstu ár, ef ekki yrðu gerðar gagn-gerar ráðstafanir til stöðvunar á verðbólgunni.

En það er ekki nóg að stöðva verðbólguþróunina við það kaupgjald og verðlag, sem nú er komið á. Augljóst er, að útflutningsatvinnuvegirnir geta ekki staðið undir þeirri hækkun kaupgjalds, sem orðið hefur síðan útflutningsbætur þeim til handa voru ákveðnar á s. l. vori. Til úrbóta er um tvær meginleiðir að velja. Hin fyrri er sú að hækka bætur til útflutningsframleiðslunnar sem því svarar, er tilkostnaður hennar hefur aukizt síðan útflutningsbæturnar voru ákveðnar síðast, og leggja ný gjöld á landsmenn til þess að afla tekna til að greiða hækkun bótanna. Hin leiðin er sú að lækka tilkostnað útflutningsframleiðslunnar með almennri lækkun kaupgjalds og verðlags, þannig að ekki þurfi að hækka þær bætur, sem hún fær nú greiddar. Þá þyrfti heldur ekki að hækka þau yfirfærslu- og innflutningsgjöld, sem lögð eru á innfluttar vörur og seldan gjaldeyri til þess að standa straum af greiðslu útflutningsbótanna.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja til við Alþingi, að síðari kosturinn verði tekinn. Vegna þeirrar uggvænlegu þróunar, sem varð í kaupgjalds- og verðlagsmálunum á s. l. ári, og þess voða, sem fyrir dyrum er, ef áfram yrði haldið á þeirri braut, vill ríkisstjórnin ekki leggja til, að gerðar verði nú ráðstafanir, er leiða mundu til frekari hækkunar verðlags. Þess vegna er í þessu frv. gert ráð fyrir, að tilkostnaður framleiðslunnar verði lækkaður, svo sem nauðsynlegt er, til þess að bætur á gjaldeyrisverðmæti útflutningsins geti haldizt óbreyttar. Athugun hefur leitt í ljós, að það gæti orðið, ef kaupgreiðsluvísitalan yrði 175 stig frá 1. febrúar n. k. Frá 1. febrúar til 30. apríl skal verðlagsuppbót á laun miðast við 175 stiga kaupgreiðsluvísitölu. Í sambandi við þá lækkun tekna, sem af þessu hlýzt, ákvað ríkisstjórnin fyrir síðustu áramót að auka niðurgreiðslur á ýmsum innlendum afurðum, sem svaraði til 13 stiga lækkunar á vísitölu framfærslukostnaðar. Ákvæðið um kaupgjaldsvísitölu 175 er við það miðað, að launþegar, hændur og allar aðrar stéttir afsali sér af tekjum sínum sem svarar til 10 vísitölustiga eða 5.4% af núgildandi kaupum eða tekjum. Í samræmi við það eru í frumvarpinu ákvæði til lækkunar á verði hvers konar vöru og þjónustu, svo sem innlendum landbúnaðarafurðum, fiskverði, iðnaðarvöru, verzlunarálagningu, hvers konar gjöldum og töxtum o. s. frv. Í framhaldi af þessum almennu verðlækkunarráðstöfunum er þess vænt, að vísitala framfærslukostnaðar, sem 1. janúar s. l. lækkaði úr 220 stigum í 212 stig, lækki fram til 1. marz n. k. niður í 202 stig, en það svarar til kaupgreiðsluvísitölu 185 samkvæmt núgildandi reglum. Ef vísitalan hefur ekki lækkað niður í 202 stig 1. marz n. k., mun ríkisstjórnin auka niðurgreiðslurnar þannig, að vísitalan verði þá 202 stig. Eftirgjöf vísitölustiga yrði því aldrei meiri en 10 stig. Sú 27 stiga lækkun kaupgreiðsluvísitölu, sem frumvarpið hefur í för með sér, á þess vegna að því er 17 stig snertir rót sína að rekja til aukinnar niðurgreiðslu vöruverðs og verðlækkana, en að því er 10 stig snertir til lækkunar tekna launþega og framleiðenda.

Í nýgerðum samningum milli útvegsmanna og sjómanna er nú í fyrsta skipti gert ráð fyrir því, að skiptaverð á fiski til sjómanna skuli breytast með breytingum á kaupgreiðsluvísitölu. Í samræmi við þessi samningsákvæði er í frv. gert ráð fyrir slíkum breytingum á skiptaverði til bátasjómannanna og því fiskverði, sem aflaverðlaun togarasjómannanna eru miðuð við. Í framhaldi af því hefur einnig þótt eðlilegt, að breyt-

ingar verði á afurðaverði til bænda samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu jafnoft og samtímis og breytingar verða á kaupum launþega vegna breytinga á vísitölu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að laun þau, sem greidd verða á tímabilinu frá 1. febrúar til 30. apríl samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu 175, verði framvegis talin grunnlaun. Á þessi laun mun síðan greidd verðlagsuppbót frá og með 1. maí. Í sambandi við þessa breytingu gerir frv. ráð fyrir því, að tekinn sé upp nýr grundvöllur að útreikningi framfærsluvísitölnunnar. Veruleg breyting hefur orðið á neytlunvenjum almennings, síðan grundvöllur gildandi vísitölu var ákveðinn, en hann er í aðalatriðum miðaður við neytlurannsókn, sem gerð var árin 1939—40. Þess vegna hefur kauplagsnefnd í samráði við Hagstofuna gert nýja neytlurannsókn. Er nú gert ráð fyrir, að sá nýi grundvöllur, sem fengizt hefur með þessari neytlurannsókn, verði látinn taka gildi 1. marz n. k., og ætti því að mega telja hina nýju vísitölu gefa raunhæfari og réttari mynd af verðbreytingum þeim, sem eiga sér stað, en núgildandi vísitala mundi gera. Mun á næstunni verða gefin út ýtarleg skýrsla um hinn nýja vísitölugrundvöll og þá neytlurannsókn, sem hann er byggður á.

Ef athuguð eru þau áhrif, sem gert er ráð fyrir, að frumvarpið hafi á kaupgreiðsluvísitölu og framfærsluvísitölu og þannig á kaupmátt launa verkamanna og iðnaðarmanna, verður niðurstaðan þessi:

	1. febr. 1958	1. júní 1958	1. okt. 1958	1. marz 1959
Vísitala framfærslukostnaðar	191	193	217	202
Vísitala tímakaups verkamanna	100.0	105.0	116.2	109.9
Vísitala tímakaups iðnaðarmanna	100.0	105.0	112.5	106.4
Vísitala kaupmáttar tímakaups verkamanna	100.0	103.9	102.3	103.9
Vísitala kaupmáttar tímakaups iðnaðar- manna	100.0	103.9	99.0	100.6

Samkvæmt þessu mun kaupmáttur tímakaups verkamanna og iðnaðarmanna 1. marz n. k. eða eftir að ráðstafanir frumvarpsins eru komnar til framkvæmda verða 1.6% meiri en hann var í október s. l. Miðað við 1. október 1958 reynist kaupmáttur tímakaups beggja þessara stétta einnig hafa aukizt 1. marz n. k., hjá verkamönnum um 3.9% og hjá iðnaðarmönnum um 0.6%.

Hér fara á eftir skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og nánar er að vikið í hinum almenna hluta athugasemdanna hér að framman, fer vísitala framfærslukostnaðar niður í 202 stig, en það svarar til kaupgreiðsluvísitölu 185 eftir þeim reglum um greiðslu verðlagsuppbótar, sem nú eru í gildi samkvæmt 55. gr. laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að kaupgreiðsluvísitalan, þ. e. sú vísitala, sem ákvarðar þá verðlagsuppbót, sem greidd er á laun og aðrar greiðslur á hverjum tíma, skuli vera 175 stig frá 1. febrúar 1959. Er því hér um að ræða 10 stiga eftirgjöf verðlagsuppbótar af hendi launþega. Í 7. gr. frv. er frá sama tíma gert ráð fyrir samsvarandi niðurfærslu á launum bónda og verkafólks hans, og í 10. gr. eru fyrirmæli um niðurfærslu alls annars verðlags í landinu til samræmis.

Í 2. málslíð 1. gr. er það sérákvæði um verðlagsuppbót á örorkulífeyri, mæðra-laun, fæðingarstyrk og fjölskyldubætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, að hún skal greidd eftir kaupgreiðsluvísitölu 185 frá og með 1. febrúar 1959. Er því ekki um að ræða neina skerðingu verðlagsuppbótar á þessar bótgreiðslur.

Í 3. málsg. 1. gr. eru fyrirmæli um lækun á töxtum vörubifreiða og fólksbifreiða svarandi til þeirrar niðurfærslu bifreiðastjórallauna, sem fylgir lækun kaupgreiðsluvísitölu í 175 stig. Í 2. málsg. 10. gr. eru svo fyrirmæli um niðurfærslu á aksturstöxtum svarandi til þeirrar lækunar á öðrum rekstrarkostnaði bifreiða, sem leiðir af ákvæðum laganna. Samsvarandi ákvæði eiga að gilda um hliðstæð gjöld og taxa, sbr. 2. málslíð 3. málsg. 1. gr. og 2. málslíð 2. málsg. 10. gr.

Í 4. málsgr. 1. gr. er svo fyrir mælt, að laun, ákveðin sem heildarlaun, án þess að grunnlaun séu til tekin sérstaklega, skuli lækka til samræmis við lækkun annarra launa vegna niðurfærslu kaupgreiðsluvisitölu. Þetta ákvæði er nauðsynlegt til þess, að eitt verði látið ganga yfir alla launþega í þessu efni.

Um 2. gr.

Húsaleiguvisitala fyrir tímabilið janúar—marz 1959, sem þegar liggur fyrir, er miðuð við kaupgreiðsluvisitölu 202 að því er snertir þann hluta húsaleiguvisitölnunnar, sem fylgir visitölu viðhaldskostnaðar húsa í Reykjavík. Vegna niðurfærslu kaupgreiðsluvisitölnunnar í 175 stig er rétt að færa nógildandi visitölu viðhaldskostnaðar, og þar með húsaleiguvisitölu fyrsta ársfjórðungs 1959, til samræmis við lækkaðan launakostnað, og láta hina nýju visitölu gilda þann tíma, sem eftir er af 1. ársfjórðungi, þ. e. mánuðina febrúar og marz 1959. — Vísitala viðhaldskostnaðar 1. marz 1959, sem húsaleiguvisitalan frá 1. apríl reiknast eftir, verður miðuð við kaupgreiðsluvisitölu 175, og þarf því ekki að setja sérstök ákvæði um hana.

Um 3. gr.

Í 3. málsgr. 4. gr. frumv. er gert ráð fyrir því, að nýr grundvöllur visitölu framfærslukostnaðar gangi í gildi 1. marz 1959, og af því leiðir, að hætt verður að reikna visitölu framfærslukostnaðar samkvæmt eldra grundvöllinum. Vegna þeirrar fyrirætlunar ríkisstjórnarinnar, að núverandi vísitala framfærslukostnaðar fari niður í 202 stig hinn 1. marz 1959, er í 3. gr. frv. gert ráð fyrir, að hún verði reiknuð út miðað við 1. marz 1959 og þá í síðasta sinn. Er því eðlilegt og sjálfsagt, að húsnaðisliður visitölu framfærslukostnaðar 1. febrúar og 1. marz sé færður til samræmis við þá visitölu viðhaldskostnaðar, er reikna skal samkvæmt fyrri málsgr. 2. gr., og miða ákvæði 3. gr. að því, að svo verði.

Um 4. og 5. gr.

Í 3. málsgr. 4. gr. frumv. er gert ráð fyrir nýjum grundvelli visitölu framfærslukostnaðar frá 1. marz 1959, og reiknast síðari breytingar hennar frá grunntölu 100 þann dag. Í samræmi við þetta er ákveðið í 5. gr., að grunnlaun og sú verðlagsuppbót, sem er í gildi 1. marz 1959, séu talin ein heild, er verðlagsuppbót verði greidd á frá 1. maí 1959 samkvæmt nánari ákvæðum 6. gr. frv.

Um 6. gr.

Í þessari gr. eru nánari ákvæði um greiðslu verðlagsuppbótar frá 1. maí 1959. Frá 1. febrúar til 30. apríl 1959 skal, samkvæmt 1. gr. frv., greiða verðlagsuppbót eftir kaupgreiðsluvisitölu 175, en frá 1. maí 1959 greiðist verðlagsuppbót eftir þeirri hækkun, sem kann að hafa orðið á hinni nýju visitölu framfærslukostnaðar frá 1. marz til 1. apríl, og er það einum mánuði fyrr en breyting verðlagsuppbótar hefði orðið samkvæmt þeim reglum, er nú gilda. Verðlagsuppbót sú, sem kann að verða greidd frá 1. maí 1959, helzt óbreytt í 4 mánuði, en frá 1. september breytist kaupgreiðsluvisitalan eftir þeirri hækkun visitölu framfærslukostnaðar, sem kann að hafa orðið frá 1. marz til 1. ágúst 1959. Þó skal við ákvörðun kaupgreiðsluvisitölu frá 1. september 1959, og framvegis á þriggja mánaða fresti, ekki taka tillit til þeirrar breytingar á visitölu framfærslukostnaðar, sem á rót sína að rekja til breytts verðs á landbúnaðarvörum vegna hækkunar eða lækkunar á launum bónda og verkafólks hans, þeirrar, er leitt hefur af greiðslu verðlagsuppbótar á laun almennt síðan 1. maí 1959. Þetta ákvæði miðar að því að draga úr vixlhækkunum kaupgjalds og verðlags og er efnislega eins og ákvæði í 2. málslið 3. málsgr. 6. gr. gengisskráningarlaga, nr. 22/1950. Var þetta ákvæði síðar tekið óbreytt upp í kjarasamninga launþega og vinnuveitenda, en það varð óvirkt, er lög nr. 85/1956, um festingu verðlags og kaupgjalds, voru sett. Nú er gert ráð fyrir, að þetta ákvæði verði aftur leitt í lög, með þeirri breytingu, að nú skal framkvæma þennan útreikning ársfjórð-

ungslega, en það var áður gert einu sinni á ári, þ. e. eftir hina árlegu haustverðlagningu landbúnaðarvara. Er þessi breyting afleiðing þess, að samkvæmt 8. gr. frv. er heimilt að breyta vinnulið verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara, og þar með afurðaverði til bænda, ársfjórðungslega eftir kaupgreiðsluvísitölu, hliðstætt því sem gildir um greiðslu verðlagsuppbótar á laun almennt.

Frá 1. september 1959 breytist kaupgreiðsluvísitalan ársfjórðungslega á sömu tímum og er samkvæmt nágildandi ákvæðum, í 55. gr. laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl.

Um 7. gr.

Í þessari gr. eru ákvæði um þá lækkun á verði landbúnaðarvara, er verða skal frá 1. febrúar 1959 til samræmis við þá 10 stiga lækkun á verðlagsuppbót launþega, sem ákveðin er í 1. gr. Auk lækkunar landbúnaðarvöruverðs vegna lækkunar vinnslu- og dreifingarkostnaðar svarandi til niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölu úr 202 stigum í 185 stig, skal verð lækka frá sama tíma bæði vegna lækkunar á verði til framleiðenda og vegna lækkunar á vinnslu- og dreifingarkostnaði í kjölfar frekari niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölu í 175 stig. — Ákvæði 7. gr. eru alveg hliðstæð samsvarandi ákvæðum í lögum nr. 85/1956, um festingu verðlags og kaupgjalds, að öðru leyti en því, að nú er beinlínis tekið fram, að eggjaverð skuli lækka á sama hátt og aðrar landbúnaðarvörur

Um 8. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessarar gr. er framvegis heimilt að breyta vinnulið verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara, og þar með afurðaverði til bænda, samkvæmt breytingum kaupgreiðsluvísitölnnar þrisvar á ári, frá 1. marz, 1. júní og 1. desember. Ástæðulaust er að heimila slíka breytingu frá 1. september, því að hin árlega verðlagning landbúnaðarvara samkvæmt II. kafla laga nr. 94/1947 er miðuð við þann dag. Ekki má þó breyta afurðaverði samkvæmt þessum ákvæðum, nema kaupgreiðsluvísitalan hafi hækkað minnst 5 stig frá þeirri vísitölu, sem afurðaverð var síðast ákveðið eftir. Samsvarandi ákvæði eru um lækkun afurðaverðs til samræmis við lækkaða kaupgreiðsluvísitölu. — Hér er um að ræða ný ákvæði, sem talin eru eðlileg vegna ákvæða í nýgerðum samningum bátasjómannanna og útgerðarmanna þess efnis, að skiptaverð skuli breytast í samræmi við breytingar kaupgreiðsluvísitölnnar, sbr. 9. gr. frv.

Um 9. gr.

Til samræmis við niðurfærslu verðlagsuppbótar á laun launþega og framleiðenda til sveita er í þessari gr. kveðið svo á, að skiptaverð á fiski til bátasjómannanna og fiskverð það, sem aflaverðlaun togarasjómannanna miðast við, skuli frá 1. febrúar 1959 lækka er svarar niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölu úr 185 í 175 stig. Frá og með 1. maí 1959 skal skiptaverð og fiskverð það, sem aflaverðlaun á togurum miðast við, breytast í samræmi við breytingar kaupgreiðsluvísitölu á sama hátt og laun breytast samkvæmt ákvæðum 6. gr. Er þetta í samræmi við nýgerða kjarasamninga bátasjómannanna og útgerðarmanna, sem einnig ríkisstjórnin er aðili að.

Ákvæði 2. málgr. þessarar gr. um, að greiða skuli verðlagsuppbót á kauptryggingu bátasjómannanna samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu 185 frá 1. febrúar 1959, er í samræmi við ákvæði nýgerðra kjarasamninga þar að lútandi.

Um 10. gr.

Í þessari gr. eru fyrirmæli um niðurfærslu alls verðlags í landinu, annars en landbúnaðarvöruverðs, til samræmis við þá lækkun launakostnaðar, sem leiðir af niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölu í 175 stig og af annarri lækkun tilkostnaðar vegna ákvæða frv., ef að lögum verður. Er þessi ákvæði hliðstæð ákvæðum í 15. gr. laga nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir, en þar var um að ræða líka niðurfærslu verðlags og kaupgjalds og gert er ráð fyrir í þessu frv. Þó eru ákvæði 10. gr. frv. fyllri á ýmsan hátt, t. d. er nú sérstaklega tekið fram, að aksturstartar bifreiða skuli

lækka (sbr. og skýringar við 3. málsg. 1. gr.), og að hagnaður framleiðenda hvers konar vöru og þjónustu skuli lækka til samræmis við niðurfærslu kaupgreiðslu-visitölu í 175 stig. — Í 4. málsg. 10. gr. er sérstaklega tekið fram, að verðlagsyf-irvöld skuli þegar gera ráðstafanir til lækkunar á vöruverði í heildsölu og smásölu til samræmis við þá lækkun dreifingarkostnaðar, sem leiðir af ákvæðum þessara laga, svo og svarandi til þess, að hagnaður verzlana lækki í hlutfalli við niður-færslu kaupgreiðsluvisitölnnar.

Um 11. og 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.